

Föstudaginn 16. september 1994.

Nr. 278/1992.

Skíðafélag Dalvíkur

(Árni Pálsson hrl.)

gegn

Friðrik M. Þorsteinssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabótamál. Bifreiðar. Vinnuvélar. Skriflegur málflutningur.

Dómur Hæstaréttar

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1992. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og gagnáfrýjanda gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. september 1992. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað, að því er varðar aðilann Óskar Aðalstein Óskarsson, sem stefnt var í héraði til ábyrgðar ásamt aðaláfrýjanda.

Að ákvörðun Hæstaréttar hefur málið verið flutt skriflega fyrir réttinum á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi um skaðabætur vegna skemmda, er urðu á fólksbifreið hans, G-6602, þar sem henni hafði verið lagt framan við heimili hans að Mímisvegi 17 á Dalvík. Telur hann snjótroðara í eigu aðaláfrýjanda hafa valdið skemmdunum, þegar honum var ekið austur götuna um hádegisbil 23. mars 1989 á leið til aðseturs slysavarnafélagsins í Jónínubúð á Dalvík. Mikið fannfergi var í bænum eftir stórviðri dagana á undan og gatan ófær venjulegum bifreiðum. Fennt hafði að bifreið gagnáfrýjanda og yfir hana, svo að hún var hulin snjó. Stóð bifreiðin við götubrún á hægri hönd miðað við leið snjótroðarans og sneri framenda að honum, en

afturendi vísaði lítið eitt skáhallt út í götuna. Að sögn vitna mátti sjá í bifreiðina að aftan, þegar farið var vestur Mímisveg.

Hinar umdeildu skemmdir urðu á hægri afturhorni bifreiðarinnar, sem dældaðist og rifnaði, auk þess sem afturljós hafði brotnað. Engir sjónarvottar voru að því, hvernig skemmdirnar vildu til, en allmörg vitni komu á staðinn, nokkru eftir að snjótroðarinn ók þar um, og höfðu sum þeirra einnig séð bifreiðina fyrr um daginn. Lögreglurannsókn á atvikinu hófst nokkrum dögum síðar að beiðni gagnáfrýjanda, og framkvæmdir rannsóknarlögreglumaður skoðun á bifreiðinni og snjótroðaranum 7. apríl 1989. Taldi hann ummerki á bifreiðinni benda til þess, að ákomur og rifur væru eftir spyrnur og gúmmí á beltum snjótroðarans, þótt ekki yrði það staðhæft með fullri vissu. Aðaláfrýjandi mótmælir því, að þetta álit fái staðist, en hefur ekki reynt að hnekkja því með frekari skoðun.

Að athuguðu því, sem fram er komið í málinu, verður fallist á það mat héraðsdómara, að gagnáfrýjandi hafi fært á það nægilegar sönnur, að snjótroðarinn hafi rekist utan í bifreið hans og valdið skemmdum á henni.

Snjótroðarinn, sem er af gerðinni Leitner H-400 D Turbo, var skráður hjá Vinnueftirliti ríkisins í janúar 1989 á grundvelli 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en er ekki á ökutækjaskrá samkvæmt 63.-64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. reglugerð nr. 523/1988 um skráningu ökutækja. Telur aðaláfrýjandi hann vera vinnuvél, en gagnáfrýjandi telur hann hins vegar skráningarskyldan sem ökutæki. Í málinu er ekki upplýst svo skýrlega um notkun snjótroðarans og eiginleika, að afstaða verði tekin til þess, hvort hann hafi verið skráningarskyldur samkvæmt 63. gr. umferðarlaga. Liggur því ekki fyrir, að sérreglur laganna um bótaábyrgð eigi hér við.

Aðaláfrýjandi hefur mótmælt aðild sinni að málinu með vísan til þess, að snjótroðarinn hafi ekki verið í notkun á hans vegum, heldur í láni til slysavarnafélagsins á Dalvík. Hafi ökumaður hans verið á leið til að sinna beiðni um aðstoð frá björgunarsveit þess. Óumdeilt er, að ökumaðurinn var starfsmaður aðaláfrýjanda og hafði umráð yfir troðaranum. Ekki er fullljóst, hvaða erindi hann var að gegna, og grein hefur ekki verið gerð fyrir því, hvernig samskiptum milli félaganna um notkun tækisins hafi verið háttað. Hefur aðal-

áfrýjandi ekki sýnt fram á, að tækið hafi verið úr umráðum hans í þetta sinn, með þeim hætti, að ábyrgð á notkun þess verði lögð á annan aðila.

Heimilt er og venjulegt að leggja bifreiðum á Mímisvegi, þar sem bifreið gagnáfrýjanda stóð. Ekki er leitt í ljós, að bifreiðin hafi verið staðsett þannig, að sérstök hætta stafaði af henni fyrir umferð um götuna. Gagnáfrýjandi hafði ekki auðkennt bifreiðina vegna snjóþyngslanna í götunni, en lögreglusamþykkt eða önnur fyrirmæli kváðu ekki á um skyldu til þess. Telja verður ljóst, að fyrirferð snjótroðarans hafi stuðlað að þeim árekstri, sem um er deilt, en hún er einkum óvenjuleg að því leyti, að hann er miklu breiðari en almennt gerist um ökutæki, sbr. 75. gr. umferðarlaga og reglugerð nr. 107/1988 um stærð og þyngd ökutækja. Er breidd hans á beltum nálægt 1,5 m umfram það 2,5 m hámark, sem við á um ökutæki samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, og einnig meiri en hámarksbreidd þeirra tækja, sem um ræðir í 2. gr. reglugerðarinnar. Það fylgdi því akstrinum, að ökumaður tækisins yrði að viðhafa sérstaka aðgæslu vegna fyrirferðar þess. Mátti hann meðal annars búast við, að sneiða þyrfti hjá bifreiðum, sem fyrir væru í stæði við götubrún. Verður tjónið á bifreið gagnáfrýjanda rakið til þess, að ökumanninum tókst ekki að afstýra þeirri hættu, sem þannig stafaði af tækinu. Er rétt að því virtu, sem hér var rakið, að öll fébótaábyrgð á tjóninu verði lögð á aðaláfrýjanda.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það með héraðsdómara, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða gagnáfrýjanda 172.850 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum frá tjóndegi og dráttarvöxtum, en dráttarvextir reiknist þó fyrst frá birtingardegi stefnu í málinu, svo sem nánar segir í dómsorði. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað svo og ákvæði hans um sýknu ökumannsins, Óskars Aðalsteins Óskarssonar, sem er ekki til endurskoðunar hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Skíðafélag Dalvíkur, greiði gagnáfrýjanda, Friðrik M. Þorsteinssyni, 172.850 krónur, með ársvöxtum, sem

nema 13% frá 23. mars 1989 til 11. apríl sama ár, 15% frá þeim degi til 11. júní sama ár, 17% frá þeim degi til 21. júlí sama ár, 12% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 10% frá þeim degi til 1. september sama ár, 6% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 8% frá þeim degi til 21. október sama ár, 9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár og 2,5% frá þeim degi til 9. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra áfallna vexti á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 23. mars 1990.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Dalvíkur 10. apríl 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., hefur Friðrik M. Þorsteinsson, Mímisvegi 17, Dalvík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 9. október 1990, á hendur Óskari Aðalsteini Óskarssyni, kt. 060664-3589, Reynihólum 2, Dalvík, og Jóhanni Bjarnasyni, kt. 140550-4269, Svarfaðarbraut 26, Dalvík, f. h. Skíðafélags Dalvíkur, kt. 490381-0319, Svarfaðarbraut 26, Dalvík.

Aðaldómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða 172.850 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. 03. '89 eða síðara tímamarki að mati réttarins til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu [...].

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða 172.850 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum]. Að öðru leyti eru gerðar sömu kröfur og í aðalkröfu stefnanda.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar ásamt 24,5% virðisaukaskatti. Þá er gerð krafa um, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að 23. mars 1989 hafi bifreið sín staðið utan við hús nr. 17 við Mímisveg á Dalvík. Bifreiðin sé af gerðinni

Mazda 323 LX, árg. 1986, skrásetningarnúmer G-6602. Pennan morgun hafi stefndi, Óskar Aðalsteinn Óskarsson, ekið snjótroðara í eigu stefnda Skíðafélags Dalvíkur austur Mímisveg og ekið á bifreið stefnanda og skemmt hana. Hefur stefnandi höfðað málið til heimtu bóta vegna þeirra skemmda, er á bifreið hans urðu. Byggir hann bótaábyrgð stefnda Óskars á því, að hann hafi ekið austur Mímisveg án nægilegrar aðgæslu. Sé hann því persónulega ábyrgur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar. Óskar hafi unnið fyrir Skíðafélag Dalvíkur, og sé því félagið einnig ábyrgt eftir reglum um húsbóndaábyrgð. Enn fremur beri félagið ábyrgð skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 90. gr. sömu laga.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því annars vegar, að með öllu sé ósann- að, að skemmdir á bifreiðinni G-6602 séu eftir snjótroðarann. Telja stefndu raunar útilokað, að snjótroðarinn hafi getað valdið þeim skemmdum, sem urðu á bifreiðinni G-6602. Þá hafi snjótroðarinn ekki verið í notkun á veg- um stefnda Skíðafélags Dalvíkur, heldur hafi hann verið lánaður Slysavarnafélagi Dalvíkur í umrætt sinn. Hins vegar er því mótmælt af hálfu stefndu, að 13. kafli umferðarlaga eigi við, þar sem snjótroðarinn hafi verið óskráður og engin skylda verið að skrá hann.

Allmörg vitni hafa gefið skýrslur hér fyrir dómi auk stefnda Óskars. Eng- in vitni voru að því, að snjótroðaranum væri ekið á umrædda bifreið greint sinn. Hins vegar er ekki ágreiningur um, að snjótroðaranum hafi verið ekið um Mímisveg greint sinn, eins og að framan greinir. Vitnum, sem komu á staðinn, eftir að snjótroðaranum hafði verið ekið um götuna, ber ekki full- komlega saman um, hvort fór eftir snjótroðarann hafi legið að bifreiðinni eða yfir hana eða hvort þau hafi legið í nokkurri fjarlægð. Þrátt fyrir það þykir nægilega sannað, að snjótroðarinn hafi valdið þeim skemmdum á bif- reið stefnanda, er að framan greinir. Fram er komið, að mikill snjór var í götunni, og hafði fennt yfir bifreið stefnanda, og engin auðkenni höfðu ver- ið sett upp, svo að hún duldist ökumanni snjótroðarans, stefnda Óskari Að- alsteini. Verður því að telja ósannað, að tjónið verði rakið til gáleysislegs aksturs stefnda Óskars Aðalsteins. Ber því að sýkna hann af kröfum stefn- anda í máli þessu. Fyrir dóminum hefur ekki verið sýnt fram á, að snjótroð- arinn hafi ekki verið skráningarskyldur, svo sem haldið er fram af stefndu. Verður því að líta svo á, að ábyrgðarregla 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eigi við um ábyrgð stefnda, Skíðafélags Dalvíkur. Ber því að dæma Skíðafé- lag Dalvíkur til að greiða stefnanda tjón hans.

Við munnlegan málflutning var lýst yfir, að ekki væri ágreiningur um tölulega fjárhæð kröfunnar. Verður höfuðstóll hennar því lagður til grund- vallar skv. kröfum stefnanda, sem að framan eru raktar. Stefndu hafa hins

vegar mótmælt vaxtakröfu stefnanda, eins og henni er lýst í aðalkröfu. Þykir mega dæma vexti svo sem í varakröfu stefnanda greinir. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi Óskar Aðalsteinn Óskarsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Þorsteinssonar, í máli þessu.

Stefnda, Skíðafélag Dalvíkur, greiði stefnanda 172.850 kr. ásamt 13% ársvöxtum frá 23. mars 1989 til 11. apríl s. á., 15% ársvöxtum frá þ. d. til 11. júní s. á., 17% ársvöxtum frá þ. d. til 21. júlí s. á., 12% ársvöxtum frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 10% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á., 6% ársvöxtum frá þ. d. til 21. s. m. s. á., 8% ársvöxtum frá þ. d. til 3. okt. s. á., en með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 3. okt. 1989, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðförför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.
